
SÓLHEIMAR Í DALABYGGÐ

AÐALSKRÁNING FORNMINJA VEGNA VINDORKUGARÐS



GYLFI HELGASON OG RAGNHEIÐUR GLÓ GYLfadóTTIR

REYKJAVÍK 2019
FS768-19411

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



Ljósmynd á forsíðu er af Sturlastekk DA-082:031, horft er til suðvesturs.

Ljósmynd: Ragnheiður Gló Gylfadóttir

©2019

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BÁRUGÖTU 3

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

FAX: 551 1047

NETFANG: fsi@fornleif.is

www.fornleif.is

Samantekt

Í skýrslunni eru birtar niðurstöður aðalskráningar fornminja innan deiliskipulagssvæðis á Sólheimum í Dalabyggð. Skráningin var gerð af Fornleifastofnun Íslands fyrir Quadran Iceland Development ehf en ráðgert að reisa vindorkugarð á svæðinu. Úttektarsvæðið er um 19 km á lengd og tekið var út 200–400 m breitt belti. Úttektarsvæðið kvílast um stóran hluta jarðarinnar, frá Nesjavatni að sunnan allt að Hólmavatni til norðurs. Norðausturhorn heimatúns er jafnframt innan úttektarsvæðis.

Alls voru skráðar 17 minjar innan svæðisins en þrjár þeirra voru skammt utan marka deiliskipulagssvæðis. Svæðinu var skipt í tvennt í þessari umfjöllun eftir stærð. Annars vegar svæði I þar sem beltið var 200 m á breidd og í annan stað svæði II þar sem beltið var 400 m á breidd. Fjölbreyttar minjar voru skráðar á 200 m beltinu (svæði I), svo sem kálgarður, traðir og þústir. Á þeim stöðum þar sem beltið var 400 m á breidd (svæði II) voru einkum vörður og heimildir um leiðir skráðar. Allar minjar innan úttektarsvæðis voru skráðar í stórhættu vegna framkvæmda.

Efnisorð

Fornleifaskráning, aðalskráning, vindorkugarðar, Sólheimar, Laxárdalur, Dalabyggð

Summary

This report provides the results of a general survey undertaken in autumn 2019 at a c 19 km long assessment area at Sólheimar in Dalabyggð (west Iceland) in advance of a wind power farm development. This survey is a *general survey* but not *a detailed survey*, which is usually undertaken at a specific development areas as stated by the Cultural Heritage agency of Iceland.

Altogether, 17 archaeological sites were identified. The weather for surveying was a typical Icelandic autumn weather and a large part of the assessment area was covered in light snow when the survey was done, making it more difficult to identify archaeological sites than usual. A map with the location of the archaeological sites within the assessment area can be found in the appendix. The commonest archaeological sites identified were cairns in the outfields, but near the Sólheimar's hayfield, more variety of sites were found such as a vegetable garden and a fenced road (traðir). Despite being a general survey all archaeological sites within the assessment area were considered to be at a high risk as they are under a threat from the proposed windfarm development.

Keywords

Archaeology, general survey, windfarm development, Sólheimar, Laxárdalur, Dalabyggð

Efnisyfirlit

1 Inngangur.....	6
2 Saga fornleifaskráningar og löggjöf.....	8
3 Aðferðir við fornleifaskráningu.....	10
4 Fornleifaskrá.....	12
5 Samantekt um sögu og landshætti úttektarsvæðis	26
<i>Saga Sólheima</i>	26
<i>Landshættir á úttektarsvæði</i>	27
6 Fornleifar innan úttektarsvæðis	29
<i>Lokaord</i>	31
Heimildaskrá.....	33

Viðauki


Hnitaskrá ISN93

Minjakort

1. Inngangur

Á haustdögum 2019 fór Mannvit, fyrir hönd Ouadran Iceland Development ehf, þess á leit við Fornleifastofnun Íslands ses að stofnunin tæki að sér aðalskráningu fornleifa á um 19 km löngu og 200–400 m breiðu deiliskipulagssvæði við Sólheima í Dalabyggð (fyrrum Laxárdalshreppi). Fyrirhugað er að reisa vindorkugarð á svæðinu, með allt að 27 vindmyllum.

Úttektarsvæðið kvíslast um stóran hluta jarðarinnar, frá Nesjavatni að sunnan allt að Hólmavatni til norðurs. Norðausturhorn heimatúns er auk þess innan úttektarsvæðis (mynd 1, sjá einnig mynd af heimatúni í viðauka). Til hægðarauka verður deiliskipulagssvæðinu sem kannað var 2019 skipt í tvö svæði eftir stærð í umfjöllun þessari. Í fyrsta lagi er það svæði I þar sem beltið var 200 m breitt og í annan stað svæði II þar sem beltið var 400 m á breidd. Þar sem úttektarsvæðið nær inn á heimatún Sólheima er það smáhæðótt og ræktað tún sem hallar lítillega til suðurs. Annars staðar á svæðinu skiptast á grónir kletthryggir, -ásar og hæðir og deiglendi.



Mynd 1: Kort sem sýnir afmörkun deiliskipulagssvæðisins og skráðar fornleifar innan þess. © Loftmyndir ehf

Að ósk verkaupa var aðeins unnin aðalskráning fornleifa innan deiliskipulagssvæðisins að þessu sinni en í þess konar skráningu er einungis gengið á þekktar minjar og þær skráðar. Vegna

þess var ekki gengið skipulega yfir allt deiliskráningarsvæðið, einungis þau svæði þar sem minjar voru þekktar fyrir. Stór hluti svæðanna var því ekki skoðaður að þessu sinni.

Ítarleg heimildaskráning var gerð fyrir þetta svæði 2008 af Fornleifastofnun Íslands.¹ Áður en gengið var á þekktar minjar og þær mældar upp var rætt við Guðbrand Ólafsson, heimildamann, sem þekkir svæðið vel og fær hann þakkir fyrir veitta aðstoð. Skráningin fór fram í lok október 2019. Veður var slæmt, skyggni erfitt og þunn snjóþekja lá yfir svæðinu sem gerði skráninguna erfiðari en ella. Um vettvangsskráningu sáu Gylfi Helgason og Ragnheiður Gló Gylfadóttir en skýrslugerð og kortavinna var í höndum Gylfa Helgasonar. Allar ljósmyndir eru teknar af skrásetjurum Fornleifastofnunnar en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf og lagðar til af verkkaupa.

Pótt gerð hafi verið aðalskráning fornminja er skýrsla þessi byggð upp á svipaðan hátt og aðrar deiliskráningarskýrslur Fornleifastofnunar. Í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd. Í þriðja kafla er fjallað um aðferðafræðina og í þeim fjórða er sjálf fornleifaskráning úttektarsvæðisins. Í fimmta kafla skýrslunnar er samantekt um sögu svæðis og landshætti þess. Í lokakafla hennar er umfjöllun um fornleifar úttektarsvæðis og helstu niðurstöður skráningarinnar. Aftast í skýrslunni er að finna heimildaskrá, hnitaskrá yfir alla minjastaði og kort sem sýna afmörkun úttektarsvæðisins og þær fornleifar sem fundust innan þess.

¹ Eva Kristín Dal 2008.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifikönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...].“ Er þessi fornleifikönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum viðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstaði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátlægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðfostum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsns frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: DA-082:001). Þær minjar sem skráðar voru innan deiliskipulagssvæðis eru allar innan marka lögbýlisins Sólheima eins og þau voru um miðja 19. öld (DA-082). Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan rannsóknarsvæðis. Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000 (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og hins vegar voru allir minjastaðir uppmældir. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins en friðlýstar fornleifar 100 m friðhelgi. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með 50 metra fráviki eða minna.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkini sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Númer jarðar í Jardbáli Johnsets Sýslurákn SF-175-009	Númer fornleifar á títekiðin jörð Sveinshlaða (tóft) hlaða	Sérheiti Tegund Hluverk
 Sveinshlaða 009, horft til norðurs		Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93 E: 528751 N: 352323
		 Ljósmynd af minjastað og uppmelning/teikning
<p>Á túnakorti frá 1920 og þejarteikningu danska mælingamanna frá 1904 er sýnt úthús i túnaðri um 210 m norðan við eldra þejartædi 001 og 80 m norðvestan við yngra þejartædi 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutólf sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlinu Skafártungaúvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í tunnaðri fast suðvestan við Skafártungaúveg (208). Tunni er í allmiklum halla til suðvesturs. Heildarstærð tóflarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðvestur. Hún er 5x6 m að innamáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgrafin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innamáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hólf eða annað mannvirki og er það torfhlöð. Það er þríhyrningslagi og er 9x6 m að innamáli, mjókkar til norðvesturs. Óp virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggrí pess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggrí hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hölfin virðast vera sam tengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hölfir norðvestan við hana. Nokkur hlömyndun er undir norðvesturhluta tóflarinnar og ljóst að mannvirkir hafa verið á þessum stað í langan tíma.</p> <p>Hættumat: stórhættu, vegna vegagerðar Heimildir: Túnakort 1920</p> <p>Heimild sem vísað er í, nánari fersla í heimildaskrá</p>		

Skýringarmynd. Dæmi um skráningu á minjastað.

Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttektarsvæðis. Það skyrir þá staðreynd að númeraröðin er slitrótt enda upplýsingar ekki birtar um minjar sem eru utan skráningarsvæðisins.

4. Fornleifaskrá

DA-082 Sólheimar

Sögulegar heimildir

1703: 12 hdr. Bændaeign.

1847: 12 hdr. Bændaeign.

1483: Jörðin seld séra Halli Þórarinssyni. DI VIII, 72.


1513: Árni Helgason selur Hallvarð Eiríkssyni Sólheima í Láxárdal. DI VIII, 455.

1563: Daði Guðmundsson efirlætur frænda sínum Jóni Ólafssyni jörðina Sólheima í Laxárdal. DI XIV, 179.

Landshættir

1917: Tún 5,9 ha. Hús og óræktir 0,8 ha. Ræktað tún 5,1 ha. Þýfi 3,0 ha. Girt með umhverfis túnið.

1703: „Túnið er mestapart þýft og misjafnt grasgefið. Engjar miklar og sumstaðar grasoðar; þær bestu lengst burt. Hagar í besta máta. Selstaða hefur verið í heimalandi, má brúka ef vill ... Útigangur góður þegar niðri nær, og verst vel oftast [...]. Lax og silúngsveiði er fyrir landinu í Laxá [...] Stöðuvötn eru í heimalandi mörg, sem silúngur er í; má veiða í ef nokkur kynni [...]. Grasatekja hefur fyrrum verið að nokkru gagni, nú minni. Hvannarrætur og hvannir að nokkru gagni ef iðkað er [...]. Álfteggver lítilsháttar er sumstaðar á fjallinu; að nokkru gagni þegar vel árar. Túnið spillist mikið stundum af leir og sandi úr lækjum [...]. Engjar summar gánga úr sjer að grasi. Hagar blása upp nokkuð. Þar er mjög fjúkasamt um vetur.“ JÁM XI, 72.



Yfirlitsmynd af sýnilegum minjum við Krosshól 007. © Loftmyndir ehf

DA-082:007_1 *Krosshóll* örnefni

A 389086 N 526499

„Upp af honum [Fjósnelly, sjá 047] er kúpumyndaður hóll, nefndur Krosshóll,“ segir í örnefnaskrá. Krosshóll er um 50 m austan við bæ 001 og rúmum 100 m VNV við núverandi íbúðarhús jarðarinnar. Krosshóll er tekinn með í þessa fornleifaskrá sem vísbending um átrúnað eða forna leið. Hér neðar eru skráðar þrjár minjar, Krosshóll, kálgarður (007_2) og þúst (007_3).

Krosshóll er rétt austan við Bæjarlæk, í sléttuðu túni sem hallar smávægilega til suðurs.



Krosshól 007_1, horft til vesturs

Krosshóll er náttúrulegur, 25 x 20 m að stærð og rúmlega 2,2 m á hæð. Hann er algróinn og með aflíðandi hlíðar. Engar sagnir eru þekktar um að þar hafi kross verið reistur í fornri tíð eða annars konar átrúnaðarsagnir. Engin ummerki um leiðir sáust heldur við hóllinn, en traðir 060 lágu suðvestan við hóllinn, að bæ 001 að öllum líkendum.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Sólheimar, 10

DA-082:007_2 tóft kálgarður A 389096 N 526478

Kálgarður 2 er hlaðið sunnan í Krosshól 1. Gerðið er nálega U-laga, það er 24 x 19 m að stærð og snýr NNA-SSV. Líklega hefur það náð lengra til vestur en vesturhlíð gerðisins er útflót. Garðurinn er torfhlaðinn og sést þæla norðan við norðurvegg gerðisins. Veggir eru 0,7 m á breidd og 0,2–0,4 m á hæð. Þeir eru stæðilegastir til norðurs. Ekkert op er á kálgarðinum, en ekki er útilokað að það hafi verið á vesturhlíð sem nú er komin undir svörð.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

DA-082:007_3 þúst A 389078 N 526471

Þúst 3 er áfost suðvesturhluta kálgarðs 2. Hún er 8 x 4 m að stærð og snýr norður-suður. Hún rís 0,3 m hærra en umhverfið. Vel má greina ytri brún hennar en ekki sést móta fyrir innri brún veggja. Þústin er mjög áberandi vegna grænku.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Þúst 007_3, horft til SSV

DA-082:011 *Sigurðarvarða* varða A 390432 N 525730

„Norðan í Bungunum, niður af hólnum og skammt frá veginum, eða svo sem mitt á milli hans og lækjarins er varða sem heitir Sigurðarvarða. Þar stóð maður yfir fé, er Sigurður nefndist og hlóð vörðuna sér til dægrastyttunar,“ segir í örnefnalyssingu. Sigurðarvarða er um 1,6 km suðaustan við bæ 001 og rúmum 210 m norðan við Laxárdalsveg 59. Víðsýnt er á þessum stað og sést varðan vel úr fjarska úr öllum áttum.

Á þessum slóðum skiptast á deiglendi og mosagrónir kletthólar. Varðan er efst á einum stærstu

klettahlunum á svæðinu. Klettahlunn er vel gróin en víða stendur grjót upp úr mosanum.



Sigurðarvarða 011, horft til suðurs

Varðan er stæðileg. Hún er köntuð í botninn, 3 x 2,5 m og snýr austur-vestur. Varðan er 0,9 m á hæð og telja má 5–6 umför af stæðilegu grjóti í bland við smágrýti í hleðslum. Smærra grjótið er hlaðið yst á vörðunni en í kjarna hennar er grjótið stærra. Lítillega hefur hrunið úr vörðunni til suðurs.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Sólheimar, 3.

DA-082:030 Kvíahóll örnefni kvíar

A 389203 N 526386

„Þegar kemur niður með túninu austanverðu, er þar holt, sem heitir Kvíaholt, í daglegu tali Kvíholt, við girðinguna og norður af því Kvíahóll,“ segir í örnefnalýsingu. Hér er verið að skrá örnefnið Kvíahóll, sem gæti bent til kvía. Kvíahóll er um 200 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 70 m sunnan við númerandi íbúðarhús jarðarinnar. Ekki sjást lengur kvíar á þessum slóðum.



Kvíahóll 030, horft til NNV að númerandi íbúðarhúsi Sólheima

Kvíahóll er algróinn hóll í sléttuðu túni. Núverandi heimreið til Sólheima liggur þvert yfir austurhluta hólsins. Að auki liggur malarsslóði til vesturs frá heimreiðinni að túnum sem þar eru.

Engin ummerki um kvíar sjást á yfirborði á þessum slóðum. Óvíst er hvort þar hafi verið hlaðin mannvirki eða hvort örnefnið vísi til færíkvía.


Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Sólheimar, 6.

DA-082:031 Sturlastekkur tóft stekkur

A 389481 N 526298

„Innan við Skurðina er holt sem liggur eins og þeir, og heitir það Sturlastekksholt. Vestan við holtið eru stekkjarrústir í brekku og heita Sturlastekkur,“ segir í örnefnalýsingu. Sturlastekkur er 75 m VNV við vörðu 069 og rúma 400 m suðaustan við bæ 001. Tóftin er um 210 m NNV við miðlinu fyrirhugaðs vegar. Tóftin er suðvestan við malarholt, Sturlastekksholt, á mörkum þess og mýrarsunds.



Yfirlitsmynd af Sturlastekki 031. © Loftmyndir ehf


Tóftin er suðvestan við Sturlastekksholt, á mörkum þess og mýrarsunds. Tóftin er á grónu svæði, lækur rennur tæpum 20 m vestar.

Stekkurinn er 12,3 x 4 m að stærð og holtið afmarkar hann að norðan. Holtið er 0,5 m á hæð og brekkan er aflíðandi að tóftinni. Tóftin er grjóthlaðin, snýr norðvestur-suðaustur og skiptist í tvö hólf. Lýsingin hefst í hólf 1, austar í tóftinni. Það er 5,2 x 1 m að innanmáli og það glittir í 1–2 umför af grjóti í veggjum. Þeir eru 0,4 m á hæð, 2 m á breidd og gróið er yfir hleðslurnar að öðru leyti. Hólfid er opið til austurs og annað op er til vesturs, yfir í hólf 2. Það hólf er 2,1 x 1,5 m að

innanmáli og snýr austur-vestur. Það er opið til austurs líkt og áður var getið. Veggirnir eru 0,4 m á hæð og ástand þeirra er eins og í hólfii 1. Petta var lambakróin.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Sólheimar, 6.



Yfirlitsmynd af minjum norðvestan við Laxárvatn. © Loftmyndir ehf

DA-082:035 *Vatnslækjarvarða* varða samgöngubót A 391015 N 526878

„Með Vatnslæk vestanverðum er um miðjan lækinn blettur sem nefnist Gvendarblettur. Upp af Gvendarbletti er Vatnslækjarvarða,“ segir í örnefnalýsingu. Vatnslækjavardā er um 2 km austan við bæ 001 og rúmum 400 m ANA við Jóu 037.

Varðan er ofarlega á ílöngum klettaból sem var snævi þakinn þegar hann var skráður. Til suðurs er Laxárvatn.

Varðan er 2 x 2 m að stærð og er hún með nálega kantaðan botn. Varðan er 0,4 m á hæð og aðeins neðsta umfarið af stæðilegu grjóti sést. Hún er talsvert hrunin til suðurs. Varðan er rétt norðan við Sölvamannagötur DA-641:001 og hefur líklega verið samgöngubót, þ.e. vísað á fyrrgreinda leið.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Sólheimar, 7

DA-082:036 heimild um vað

A 390346 N 526510

„Milli Vatnslækjarvörðu [035] og efra vaðs á Brúnkollulæk er varða sem nefnd er Jóa [037],“ segir í örnefnalýsingu. Vaðið er um 350 m suðvestan við Jóu 037 og um 110 m sunnan við vörðu 063. Brúnkollulækur er niðurgraffinn, bakkarnir brattir og lækurinn djúpur. Farvegurinn er 1-1,5 m á dýpt og 1-2 m á breidd. Af þeim sökum er ekki hægt að fara með búfínað yfir hann á mörgum stöðum. Vaðið er þar sem lækurinn breiðir úr sér. Ekki er vitað hvort að vaðið var notað á Sölvamannagötum DA-641:001, Guðbrandur Ólafsson, heimildarmaður, telur að leiðin hafi verið norðar. Vaðið er rétt utan við áhrifasvæðis fyrirhugað vindorkugarðs.,

Svæðið er myrlent, stórfýft og gróið. Hér og þar eru melhólar og blásnir melar.



Efra-vað 036, horft til vesturs

Brúnkollulækur breiðir úr sér á þessum stað og steinar eru í botni hans. Lækurinn er 0,2 m djúpur og 2-3 m á breidd. Þar var farið yfir lækinn og auðvelt að fara upp á bakkana. Engar götur sjást liggja að vaðinu. Snjóþekja var á svæðinu þegar skrásetjarar voru á ferðinni og alls ekki útilokað að leið sjáist þar eða nærri vaðinu.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Sólheimar, 7.

DA-082:037 *Jóa* varða samgöngubót

A 390644 N 526700

„Milli Vatnslækjarvörðu [035] og efra vaðs [036] á Brúnkollulæk er varða sem nefnd er Jóa eftir kerlingu sem hafið hlaðið hana,“ segir í örnefnalýsingu. Jóa er um 1,6 km austan við bæ 001 og tæpum 160 m SSV við vörðu 061.

Jóa er hlaðin sunnarlega á ílöngum klettahrygg. Í kring er óræktað og deiglent svæði sem var undir

fönn þegar svæðið var skráð.



Jóa 037, horft til austurs

Varðan er mikið hrunin, 2,5 m í þvermál og 0,5 m á hæð. Hún er hlaðin úr blöndu af stæðilegu hleðslugrjóti og smágrýti. Ekki var hægt að telja umför vegna þess hve hrunin varðan er. Varðan er skammt við Sölvamannagötur DA-641:001 og sennilega vísað á þá leið.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Sólheimar, 7.

DA-082:047 *Fjósvöllur* örnefni fjós

A 389050 N 526466

„Austan við bæjarlæk, næst Veitunni [045] er Fjósvöllur,“ segir í örnefnalýsingu. Hér er verið að skrá örnefnið Fjósavöll en gamla fjósið var hér rétt hjá. Fjósavöllur er rétt austan við bæjarlækinn, um 50 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 40 m SSV við Krosshól 007. Engin ummerki um fjós sjást lengur á þessum slóðum.

Í sléttuðu túni sem hallar smávægilega til suðurs.

Engin ummerki um fjósið sjást á yfirborði. Það var rifið og túnið slétt.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Sólheimar, 10

DA-082:051 varða óþekkt

A 389554 N 526272

Varða er rúmum 70 m suðaustan við Sturlastekk 031 og rúmum 530 m suðaustan við bæ 001. Varðan er 165 m norðan við miðlinu fyrirhugaðs vegar sem áætlað er að gera í tengslum við

vindorkugarð. Ekki er vitað hver tilgangur vörðunnar er.

Varðan er á lágum melhól og sést illa fyrr en að henni er komið. Umhverfis vörðuna er mosi og lyng, annars er þar melur.

Varðan er hrúnin. Hún er á lágum hól, suðaustan við Sturlastekksholt sem skyggir á hana að norðan og vestan. Grunnflötur vörðunnar er 2 x 1 m að stærð og það glittir í 2 umför af grjóti í henni. Varðan er 0,2 m á hæð og grjóthlaðin.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

DA-082:057 heimild um leið

A 389232 N 526367

Á herforingaráðskorti frá 1914 er vegur merkur frá heimatúni Sólheimabæja (001, 002) sem liggur til suðausturs að þjóðvegi [DA-641:002]. Traðir 060 lágu líklega í gegnum túnið að bænum. Þessi leið lá á sama stað og núverandi malarvegur að bænum.

Ræktuð tún eru austan og vestan við heimreiðina. Hún er upphlaðin og ólíklegt að ummerki um eldri leið hafi varðveist.

Engin ummerki um leiðina sjást á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Herforingjaráðskort 34 NA 1:50000

DA-082:059 þúst úтиhús

A 389123 N 526470

Gróin þúst er um 90 m ASA við bæ 001 og tæpum 30 m vestan við kálgarð 007 2.

Þústin er rétt vestan við lítinn framræsluskurður í sléttuðu túni sem hallar til suðurs.




Þúst 059, horft til suðausturs

Þústin er gróin, 6 x 3 m að stærð og snýr norður-suður. Þústin er 0,4 m hæð og sker sig úr nánasta umhverfi vegna hæðar sinnar. Ekki er möguleiki að sjá neitt tóftarlag á henni eða gera sér hugmyndir um lag mannvirkisins sem hér. Þústin er innan heimatúns bæjar 001 og sennilegast er að hún hafi verið einhvers konar úтиhús. Ekkert úтиhús er merkt á þessum slóðum á túnakorti frá

1917 og líklega hefur það verið fallið úr notkun þegar kortið var gert eða seinni tíma mannvirki.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Yfirlitsmynd af sýnilegum minjum við núverandi íbúðarhús Sólheima. © Loftmyndir ehf

DA-082:060 dæld traðir

A 389131 N 526426

Gróin dæld er um 110 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 60 m suðvestan við núverandi íbúðarhús.

Rennan liggur neðarlega í brekku í sléttuðu túni sem hallar til suðurs.



Dæld 060, horft til suðausturs

Dældin er algróin, um 30 m löng og 2,5 m á breidd. Hún liggur VNV-ASA, með stefnu í átt að Krosshól 007 og bæ 001. Dældin er 0,2–0,5 m djúp, dýpst til vesturs. Bakkar hennar eru nokkuð aflíðandi. Óvist er með hlutverk rennunnar en lögun hennar gefur til kynna að hún séu traðir, mögulega til bæjar 001 miðað við stefnu hennar.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

DA-082:062 varða samgöngubót

Vörðubrot er rúumum 1,7 km austan við bæ 001 og um 290 m SSV við Vatnslækjavörðu 035.

Varðan er ofarlega á grjóthól sem er rétt norðvestan við Laxárvatn. Umhverfis er deiglent svæði sem var þakið snjó þegar það var skráð.

Varðan er 2 x 1,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er 0,2 m á hæð, mikið hrúnin og sést grjótdreif víðs vegar kringum vörðuna sem líklega tilheyrði henni áður. Varðan er mosavaxin og aðeins neðsta umfarið af stæðilegu grjóti sést. Sölvamannagötur 641:001 og Sundavegur 641:005 lágu áður rétt norðan við vörðuna og mögulega hefur hún verið samgöngubót, þ.e. vísað á aðra hvora leiðina.



Varða 062, horft til suðurs

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

DA-082:065 neðra vað heimild um vað



Neðra-vað 065, horft til vesturs

A 390346 N 526298

Í örnefnalýsingu segir: „Milli Vatnslækjarvörðu [035] og efra vaðs [036] á Brúnkollulæk er varða sem nefnd er Jóna [037].“ Þetta má túlka á þann hátt að neðra vað hafi líka verið á læknum. Það var líklega um 210 m sunnan við Efra vað 036 og tæpum 800 m austan við vörðu 051. Vaðið er tæpum 40 m sunnan við miðlinu fyrirhugaðar veglinu tengdri vindmyllugarði. Kindagötur sjást liggja að Brúnkollulæk að austan og farvegurinn breiðir úr sér á þessum stað. Hann er hins vegar ekki eins djúpur og grafinn og við Efta vað.

Gróin og stórbýfð heiði. Víða eru melhólar inn á milli mýrardraga. Til vesturs er bakkinn brattari og auðvelt er að fara yfir lækinn. Að austan sjást kindagötur en mýrlent er til vesturs og leiðin horfin þar.

Engin ummerki um vaðið sjást á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Sólheimar, 7.

DA-641 Fornleifar á fl. en einn jörð; Laxárdalshreppur

DA-641:001 *Sölvamannagötur* heimild um leið A 390503 N 525277

„Laxárdalsheiði var áður fyrr fjölfarin þjóðleið milli byggða og er nú óðum að verða það aftur. Um hana lágu (og liggja) hinar fornu Sölvamannagötur, að vísu langt fyrir sunnan núverandi alfaraveg, einkum er austar dregur, og sést enn fyrir þeim þótt misvel sé. Bera þær nafn af lestaferðum Norðlendinga er fóru í hópum til sölvatekju vestur í Saurbæ í Dalasýslu fyrr á öldum,“ segir í örnefnalýsingu.

Í örnefnalýsingu Ljárskóga segir: „Hálsagötur [sjá 084:033], Sölvamannagötur liggja í austur frá Fáskrúð og yfir Þverá skammt fyrir neðan Miðvatn [...] Sölvamannagötur munu draga nafn sitt af því að Hólkirkja átti sölvatekjur fyrir landi Stóraholts í Saurbæ og voru þessar götur farnar sem er allskemmri leið en að fylgja byggð.“

Jóhann Bjarnason nefnir göturnar í grein sinni í Heima er bezt árið 1954, þar segir: „Hálsagötur [084:033], sem liggja milli Hvammssveitar og Laxárdals fremst. En framhald þeirra eru Sölvamannagötur yfir Laxárdalsheiði [...].“

Í Árbók Ferðafélagsins 1947 segir enn fremur: „[...] liggur upp úr botni Laxárdals og suðaustur í Hrútasfjörðinn. Er þá komið fyrir innan fjarðarbotninn. Var vegur sá tíðfarinn fyrr á öldum en er nú nær aflagður. Hét þessi leið Sölvamannagötur; var kölluð svo vegna þess að götur þessar fóru Norðlingar til sölfanga í Saurbæ. Átti dómkirkjan á Hólum á ítök í sölvafjöru fyrir Saurbæ, og er sagt, að Hólamenn hafi gert þangað lestrir á sumrin. Þá var haldið beint áfram upp úr Laxárdal fram hjá Hömrum, vestur Ljárskógarheiði um Ljárskógarsel til Hvammssveitar. Sú leið er kölluð Hálsagötur.“

Í landi Sólheima DA-082 kemur leiðin að Laxárvatni úr suðaustri, eftir Mýrdalsási. Leiðin lá austan við vatnið, sveigði til vesturs að bænum norðan við vatnið og lá norðan við heimatúnið. Þar er að öllum líkindum um sömu leið og Sundaveg DA-641:005 að ræða. Leiðin sameinaðist leiðinni um Hölmavatnsheiði DA-641:004 norðan við bæ 001. Að sögn Guðbrands Ólafssonar, heimildarmanns, sést leiðin ekki innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs vindmyllugarðs og ekki vitað hvar hún lá nákvæmlega í Sundunum.

Leiðin lá rétt norðan við Laxárvatn og þræddi gróna kletthóla, -ása og stórbýft deiglendi.

Engin ummerki um Sölvamannagötur sáust innan þess svæðis sem tekið var út á Sólheimum árið 2019 og engin skýr ummerki um leiðina sjást á loftmynd. Svæðið var undir snjó og ekki er ólíklegt að á öðrum árstíma mundi leiðin vera greinileg.


Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Sólheimar, 3; Ö-Ljárskógar, 11; Heima er bezt, 196; Árbók Ferðafélagsins 1947, 51;

Sýslu- og sóknalýsingar Dalasýslu, 61.

DA-641:002_1 *Laxárdalsheiði* vegur leið

A 390482 N 525274



Leið 641:002_1, horft til vesturs

Í Sýslu- og Sóknalýsingum Dalasýslu segir: „Norður úr Laxárdal til Strandásýslu eru fjallvegir: 1) Sölvamannagötur norður að Fjarðarhorni í Hrútafirði þrjár mílur, 2) Laxárdalsheiði ofan í Laxárdal við Hrútafjörð tvær mílur, 3) Gaflfellsheiði, kölluð þingmannaleið norður í Bitru, og 4) Hólmavatnsheiði, hérum þrjár mílur og svo norður yfir, en þær eru sjalfdfarnari nema af kunnugum.“ Þar segir enn fremur: „þaðan [frá Sólheimum] liggur alfaravegur norður yfir heiðar, bæði á Laxárdals-, Hólmavatns- og Sölvamannaheiðar, eftir því sem hvör vill taka stefnu í Hrútafjörð.“

Innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs vindmylluvers í landi Sólheima var gamli vegurinn eftir Laxárdalsheiði skráður. Hann liggur þvert í gegnum áhrifasvæðið, skammt sunnan við Laxárdalsveg 59. Skammt sunnan við gamla vegginn sáust reiðgötur en þær voru ekki athugaðar í þetta sinn enda utan skráningarsvæðis. Leiðin var eingöngu rakin á 200 m löngum kafla í landi Sólheima.

Vegurinn liggur yfir heiði, þar er víða melur, mosi og lyng. Svæðið er fremur flatlent en klapparásar eru þar inn á milli.

Malarvegur 1 hlykkjast norður-suður eftir Laxárdalsheiði. Hann er 3 m á breidd en er ekki upphlaðinn á því svæði sem var skoðað.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Sýslu- og sóknalýsingar Dalasýslu, 20 og 61.

DA-641:002_2 varða samgöngubót

A 390040 N 525392

Varða 2 er um 6 m norðan við veg 1. Hún er hrunin, einungis grunnur hennar sést enn. Varðan er 2 x 1 að grunnfleti, 0,3 m á hæð og það má sjá 2 umför af grjóthleðslu í henni.

Hættumat: engin hætta

DA-641:002_3 varða samgöngubót

A 390171 N 525278

Varða 3 er 170 m suðaustan við vörðu 2, sunnan við veg 1. Öllu líklegra er að hún hafi verið samgöngubót á reiðveginum sem líklega er eldri en malarvegur 1. Hún er 2 x 2 að grunnfleti, 0,5

m á hæð og líklega hrúnin að hluta. Það má greina 3-4 umför af gjóti í henni og mosi vex umhverfis hana.

Hættumat: engin hætta

DA-641:002_4 varða samgöngubót

A 389976 N 525251



Varða 641:002_4, horft til suðurs

Varða 4 er tæpa 200 m vestan við vörðu 3. Hún var að öllum líkindum samgöngubót á reiðleiðinni, sem er forveri malarvegar 1. Varðan er hrúnin til austurs, þar sést greinileg grjótdreif úr henni. Neðri hluti vörðunnar stendur enn uppi. Hún er 2 x 1 m að grunnfleti, 0,5 m á hæð og það má enn greina 3-4 umför.

Hættumat: engin hætta

DA-641:005 Sundavegur heimild um leið

„Austan við Sólheimahæð tekur við allmikill slakki eða lægð [...]. Þessi slakki heitir einu nafni Sólheimasund [...]. Um þessi Sólheimasund lá fjölfarinn reiðvegur um og fyrir sl. aldamót, og kallaðist Sundavegur. Lá þessi leið til Hrútafjarðar, var hallaminni og svo miklu styttri en vegurinn er síðar var lagður yfir Laxárdalsheiði, að hún spar [aði] hálfu til heila klukkustund,“ segir örnefnalýsingur. Leiðin lá að öllum líkindum á sama stað og Sölvemannagötur 001 í landi Sólheima. Sundin eru norðan við Laxárvatn, milli þess og grýttra ása sem þar eru. Hins vegar er ekki vitað hvar nákvæmlega leiðin lá og engin ummerki hennar fundust þegar áhrifasvæði vindorkugarðs var aðalskráð árið 2019.

Leiðin lá gegnum deiglendi og gróna klettaása, svökölluð Sund í landi Sólheima. Þegar svæðið var skráð var það undir snjó.

Engin ummerki um leiðina fundust á vettvangi eða við skimum loftmynda. Þegar skrásetjarar gengu yfir svæðið var það þakið snjó en mögulega sjást ummerki leiðarinnar á öðrum árstíma.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Sólheimar, 7.

5. Samantekt um sögu og landshætti úttektarsvæðis

Saga Sólheima

Sólheima er ekki getið í fornritum en jörðin kemur einstaka sinnum fram í íslensku fornbréfasafni. Hennar er fyrst getið í kaupbréfi 1483 þar sem Eiríkur Halldórsson selur séra Halli Þórarinssyni jörðina.² Þar eru landamerki Sólheima tilgreind og jörðinni tilheyrdi land alveg að Hólmavatni til norðurs og Skeggjagils upp í læk sem rennur til Laxárvatns til suðurs. Upp frá því kemur jörðin nokkrum sinnum fyrir í fornbréfum og þá einkum í sambandi við eignaskipti á jörðinni. Ekki er vitað til þess að jörðin hafi farið í eyði þó greinir Jarðabók Dalasýslu frá árið 1731 að jörðin lagðist í eyði sökum fólksleysis og bólum fljótlega eftir 1700 og „var i audn til 1720.“³

Jörðin telst vera rétt undir meðaljörð samkvæmt gömlum jarðamötum: Hún var metin á 10 hdr. (í jarðamat 1686) en er oftast metin aðeins hærra, eða 12 hdr. eins og í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703. Við ritun jarðabókarinnar frá 1703 er landsháttum jarðarinnar einnig lýst. Þar segir að túnið á jörðinni sé mestmeginn þýft og misjafnlega grasgefið. Engjar eru „miklar“, sums staðar „grasgóðar.“ og hagar eru í „besta máta.“ Selstöðu átti jörðin í heimalandi en hafði ekki verið nýtt lengi. Í jarðabókinni kemur fram að útigangur sé „góður þegar niðri nær, og verst vel oftast.“ Að auki er þar tilgreint um að lax- og silungaveiði sé nokkur í Laxá en þar sé þó „erfitt að veiða þar, að ekki hefur oftsinnir að gagni orðið.“ Ókostir jarðarinnar eru taldir nokkrir. Helst ber að nefna að túnið er sagt annað hvort spillast af leir og sandi úr lækjum eða vatnsuppgöngum og snjóvatni. Engjar eru sumar sagðar ganga úr sér af grasi og að hagar blási upp „nokkuð.“

Lýsing á landgæðum jarðarinnar er jafnframt að finna í Jarðabók yfir Dalasýslu frá 1731. Í henni kemur fram að Sólheimar sé mikil og hagamikil jörð en hafi versnað að landgæðum sökum þess tímabils sem hún var í eyði skömmu eftir 1700 og til 1720 eins og fyrr segir. Túnið væri þó „gagnlítið“ og útHEYSSLÆGJUR „litlar.“ Þar kemur jafnframt fram að rista og stunga á jörðinni „sé slæm.“

² DI VIII, bls. 72

³ Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, bls. 103.

Jörðin Svalhöfði byggist úr austurhluta Sólheima. Hennar er fyrst getið í manntalinu 1870 og 1880⁴ og þá sem hjáleiga. Síðan er Svalhöfða ekki getið aftur í manntali fyrr en 1920. Jörðin kemur hins vegar fyrir í fasteignamati Dalasýslu 1917⁵ og hefur líklega byggst upp aftur eftir að manntalið 1901 var gert. Svalhöfði fór í eyði árið 1974 og er tún Svalhöfða nýtt af ábúendum Sólheima.⁶

Tvíbýli var á Sólheimum. Af lestri manntala að dæma er fyrst getið um tvær fjölskyldur á jörðinni í manntalinu 1835 en síðan býr aðeins ein fjölskylda á jörðinni í manntalinu 1840 og 1845. Síðan er tvíbýli samfellt á jörðinni samkvæmt manntölunum á áranum milli 1850 og 1920. Lengi vel bjó sama fjölskyldan á staðnum og hefur hún átt meirihluta í jörðinni ef frá er talið árin milli 1911 og 1941 þegar Kaupfélag Hrútfirðinga átti þar helmingseign.⁷ Jörðin var sold nýjum eigendum á síðustu árum. Fjárbúskapur er á jörðinni og stefna nýir eigendur að því að stækka fjárbúið sem þar er fyrir. Auk þess er laxveiði í Laxá og liggja malarlóðar víðsvegar um jörðina að veiðisvæðunum. Ráðagerðir eru uppi um að reisa vindorkugarð á jörðinni af Ouadran Iceland Development ehf og var það tilefni þess að deiliskráning var gerð á svæðinu haustið 2019.

Landshættir á úttektarsvæði

Sólheimar í Dalabyggð eru í norðanverðum botni Laxárdals. Úttektarsvæðið kvílast um stóran hluta jarðarinnar, frá Nesjavatni að sunnan allt að Hólmavatni til norðurs Norðausturhorn heimatúns er jafnframt innan úttektarsvæðis (sjá afmörkum svæðisins betur á mynd 1). Landið er enn nýtt undir fjárbúskap og laxaveiði.

Úttektarsvæðið var að stórum hluta deiglent en þó eru víða mosagrónir klettahyggir og/eða-ásar sem rísa úr deiglendinu. Norðaustasti hluti heimatúnsins er vestarlega á úttektarsvæðinu og er það smáhæðhótt, og í smávægilegum halla til suðurs. Annars staðar á úttektarsvæðinu skiptast á deiglendi og mosagrónar hraunbungur eða klettar. Til vesturs er gróðurhula svæðisins þunn og talsvert um deiglendi, einkum vestan og VNV við Laxárvatn en þegar svæðið var skráð var það snaði þakið og erfitt að átta sig til fulls á gróðurfari á þeim slóðum. Norður- og suðaustasti hluti

⁴ Manntal 1870; hér og annars staðar er vísað í Sóknarmanntöl Þjóðskjalasafnsins sem eru aðgengileg á vefnum manntal.is

⁵ Fasteignamat Dalasýslu 1916–1918, bls. 152.

⁶ *Eyðibýli á Íslandi III*, bls. 33.

⁷ Sjá nánar á heimasíðu um jörðina: <http://www.angelfire.com/ex/solheimar/>

deiliskipulagssvæðisins var ekki heimsóttur þar sem engar þekktar minjar eru á þeim slóðum og af þeim sökum er ekki hægt að lýsa landsháttum þar.

6. Fornleifar innan úttektarsvæðis

Aðalskráning forminja innan deiliskipulagssvæðis á Sólheimum í Dalasýslu var unnin í október 2019. Veður var slæmt og það snjóaði seinni daginn; vegna þess voru minjar illgreinanlegrí en vanalega. Samtals voru skráðar 17 minjar innan úttektarsvæðis en þrjár þeirra voru rétt utan svæðis. Þær voru þó innan eða rétt við 15 m helgunarsvæðis fornleifa og því teknar með inn í þessa fornleifaskýrslu. Aðeins var gengið yfir svæði þar sem þekktar minjar voru, önnur svæði voru ekki skoðuð. Eins og fyrr segir var úttektarsvæðinu skipt í tvö svæði eftir stærð og verður hér neðar fjallað um fornminjar innan hvers svæðis fyrir sig, í viðauka II fylgir kort af svæðunum.

Svæði 1: 200 m breitt belti

Svæði I er um 16,5 km á lengd. Svæðið nær yfir stóran hluta jarðarinnar. Að sunnan frá Nesjavatni og allt að Hólmavatni til norðurs. Einnig er norðausturhorn heimatúns innan svæðisins. Flestar minjarnar voru við norðausturhluta heimatúns Sólheima, eða alls sex. Það kemur ekki á óvart enda er hin almenna regla um minjadreifingu hér á landi að hún er lang þéttust í og við heimatún gamalla jarða en úr fjölda minja dregur því lengra sem farið er frá heimatúni.

Norðvestan til á svæðinu rétt austan við Bæjarlækinn er Krosshól (DA-082:007_01) en hann er skráður sem möguleg heimild um forna leið og/eða átrúnaðarstað þrátt fyrir að engar sagnir eða átrúnaður tengist honum. Örnefnið er sérstakt og af þeim sökum er hann talin til fornleifa. Á hólnum var einnig kálgarður (DA-082:007_2) og þúst (DA-082:007_03). Hóllinn er náttúrulegur. Aukinheldur fundust engin ummerki um leiðir á hólnum en skammt suðaustan við hann eru traðir (DA-082: 060). Kálgarður 02 er hlaðinn sunnan í Krosshól 01. Veggir hans eru sæmilega varðveisittir en vesturhliðin er þó útflöt. Áföst suðvesturhluta kálgarðs 02 er þúst (DA-082:007_03) sem sést greinilega vegna gránku. Hlutverk hennar er óþekkt. Önnur þúst (DA-082:059) var skráð milli Krosshóls og núverandi bæjarstæðis. Hún er gróin og ekki hægt að sjá neitt tóftarlag á henni. Frekari rannsókna er þörf á þessum tveimur þústum til þess að staðfesta að um fornleifar sé að ræða og hvert hlutverk þeirra sé.

Auk Krosshóls voru tvö önnur örnefni skráð. Örnefnið Kváhóll (DA-082:030) er vísbending um kvíar þar nærri. Kváhóll er rétt vestan við núverandi heimreið og liggar malarslóði til vesturs

út í tún á hólnum. Engin mannvirki sjást á yfirborði á hólnum en ekki er ljóst hvort örnefnið vísi til hlaðinna mannvirkja eða færkvía. Sömuleiðis var örnefnið Fjósvöllur (DA-082:047) skráð rétt austan við Bæjarlækinn og fast sunnan við Krosshól. Örnefnið er utan deiliskipulagsmarka en innan 15 m helgunarsvæðis fornleifa. Heitið gæti bent til fjós en engin ummerki um mannvirki fundust á yfirborði á svæðinu.

Prjár leiðir voru skráðar á svæðinu og eitt vað, þ.e. leiðir (DA-082:057; DA-641:002_1), mögulega traðir (DA-082:060) og Neðra-vað (DA-082:065). Leið 057 er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1914 og liggur frá heimatúnu og að þjóðvegi (DA-641-002_1). Á þessum slóðum liggur núverandi malarvegur að bænum og sjást engin ummerki lengur um gömlu leiðina á yfirborði. Suðaustan við Krosshól, innan heimatúns jarðarinnar, er algróin dæld (DA-082:060). Hún stefnir á bæjarhól (DA-082:001), sem var utan deiliskipulagssvæðis og ekki skráður í þetta sinn. Lega og stærð dældarinnar gefur til kynna að hún sé ummerki um traðir að bænum. Leið DA-641:002_01 var syðst á svæði I, norðaustan við Skeggjgil og rétt sunnan við Laxárdalsveg 59. Þar fundust einnig sæmilega hlaðnar vörður (sjá DA-641:002_02_4) sem líkast til voru vegvisar á leiðinni. Leiðarinnar er getið í Sýslu- og sóknalýsingum Dalasýslu frá 1840 og þar kemur fram að hún hafi legið rúmlega tvær mílur yfir Laxárdalsheiði. Leiðin var einungis rakin innan deiliskipulagssvæðisins. Þar er hún ekki upphlaðin og er um 3 m á breidd. Neðra-vað 065 er á Brúnkollulæk. Kindargötur sjást liggja að vaðinu að austan og er farvegur Brúnkollulækjrar fremur grunnur á þessum slóðum.

ENN fremur var Sigurðarvarða (DA-082:011) skráð rétt norðan við Laxárdalsveg 59. Hún er vegleg og samkvæmt örnefnaskrá var hún hlaðin til dægrastyttingar af smala.

Svæði II: 400 m breitt belti

Svæði II er samtals um 2,5 km á lengd. Beltið er 400 m breitt á tveimur stöðum. Það markast af Laxárvatni til austurs og að vestan nær það að suðausturhluta heimatúns Sólheima. Innan svæðisins voru skráðar átta fornleifar.

Rétt austan við Skurðina (örnefni) er Sturlastekkur (DA-082:031). Hann er um 20 m utan við deiliskipulagssvæðið en er rétt innan við 15 m helgunarsvæði fornleifa og því talin hér til fornleifa. Stekkurinn er eina tóftin sem skráð var á svæði II og er hann ágætlega varðveisstur. Hann er grjóthlaðinn, tvískiptur og afmarkar holt norðurhluta hans.

Tvær heimildir um leiðir voru skráðar innan svæðisins og eitt vað. Leiðirnar voru annars vegar Sölvamannagötur (DA-641:001) og hins vegar Sundavegur (DA-641:005) sem líklega sameinuðust norðan við Laxárvatn. Samkvæmt Guðbrandi Ólafssyni, heimildamanni, lágu Sölvamannagötur austan við Laxárvatn, og sveigðu til vesturs norðan þess og að heimatúninu. Engin ummerki um þessar leiðir fundust innan deiliskráningarsvæðis. Svæðið var snævíþakið þegar skrásetjarar voru á vettvangi og ekki er óhugsandi að ummerki leiðanna sjáist á öðrum árstíma. Á Brúnkollulæk er Efra-vað (DA-082:36). Það er um 20 m utan svæðis, en rétt við 15 m helgunarsvæði fornleifa og því tekið með í þessa fornleifaskrá. Engar götur sjást við vaðið en svæðið var undir snjó og erfiðara að greina leiðir en vanalega.

Alls voru fjórar vörður skráðar innan svæðisins. Vörður (DA-082: 035, 037, 062) voru allar rétt norðan við Laxá og VNV við Laxárvatn, á þeim slóðum þar sem Sölvamannagötur og Sundavegur lágu. Líkast til hafa þær vísað á þær leiðir. Einnig var skráð lítil og hrúnin varða (DA-082:051) rétt vestan við Skurðina. Hún er á lágum melhól og ekki er vitað í hvaða tilgangi hún var hlaðin.

Lokaorð

Þær minjar sem skráðar voru innan áhrifasvæðanna flokkast í stórhættu. Rétt er að taka fram að þegar hættumat er gert er metið hvort einhver hætta geti mögulega steðjað að fornleifum ef ekki verði gripið til sérstakra ráðstafana. Í flestum tilfellum er hættan hvorki talin óhjákvæmileg eða óyfirstíganleg heldur er hættumatinu ætlað að vekja athygli á því að framkvæmdir ógni umræddum minjastað og því þurfi að skoða framkvæmdir með tilliti til þeirra áhrifa sem þær hafa á staðinn.

Rétt er að minna á að sú úttekt sem gerð var innan marka deiliskipulags var aðalskráning og því var ekki gengið skipulega yfir það allt heldur einungis á þekkta minjastaði og því ekki farið um nema hluta deiliskiplagsreitsins. Það er í höndum Minjastofnunar Íslands að taka tillit til áhrifa framkvæmda á fornleifa og setja fram kröfur um frekari skráningu eða aðrar rannsóknir og mótvægisáðgerðir.

Minjar og framkvæmdir geta farið ágætlega saman þegar vel er gert og ljóst að í einhverjum tilfellum ætti að vera mögulegt að hlífa minjum við raski í tengslum við framkvæmdir. Ólíklegt er þó annað en að á einhverjum stöðum muni fyrirhugaðar framkvæmdir raska minjum og í þeim

tilfellum mun Minjastofnun Íslands skera úr um hvort byggingaráform geti haldið áfram óbreytt og þá með hvaða skilyrðum. Einnig má benda á þótt engin ummerki sé um minjar á yfirborði þá leynast fornleifar oft undir jörðu og því er ekki loka fyrir það skotið að óþekktar minjar kunni að koma í ljós við framkvæmdir. Í slíkum tilfellum skal lögum samkvæmt stöðva framkvæmdir og tilkynna fundinn til Minjastofnunnar Íslands.

Heimildaskrá

ÁFÍ 1947: Árbók Ferðafélags Íslands 1947: Dalasýsla. Þorsteinn Þorsteinsson tók saman. Reykjavík. Björn Lárusson. 1967. *The Old Icelandic Land Registers*. Lundur, Gleerup.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornþræfasafn I–XV*. bindi. 1857–1972.

Kaupmannahöfn/Reykjavík, Hið íslenzka bókmenntafélag.

Eva Kristín Dal. 2008. *Menningar í Laxárdalhreppi: Svæðisskráning fornleifa*. FS405-07183. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

Eyðibýli á Íslandi: Rannsókn á eyðibýlum og yfirgefnum húsum í Dalasýslu, Snæfells- og Hnappadalssýslu, Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu sumarið 2012. 2012. Unnið af Axel Kaaber Bergþóru Góu Kvaran, Birki Ingibjartssyni, Hildi Guðmundsdóttur, Olgu Árnadóttur, Sólveigu Guðmundsdóttur Beck, Steinunni Eik Eigilsdóttur og Þuríði Elísu Harðardóttur. III. bindi. Reykjavík, Eyðibýli – áhugamannafélag.

Heima er bezt: „Nafnlaus dalur með örnefni á hverju strái“. Jóhann Bjarnason skráði. Birtist í *Heima er bezt* [nr. 7].

Jarðabók yfir Dalasýslu 1731. Magnús Már Lárusson sá um útgáfu. 1965. Reykjavík, Sögufélagið.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalín VI: Dala- og Barðastrandarsýsla*. 1938.

Kaupmannahöfn, [Án útgefanda].

JJ: Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn, [Án útgefanda].

Lög um menningarminjar 80/2012.

Manntal. Þjóðskjalasafn Íslands: Manntöl. Aðgengilegt á <http://manntal.is/> (skoðað nóvember 2019).

Skráningarstaðlar fornleifa. 2013. Minjastofnun Íslands. Aðgengilegt á http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/skraningerstadlar_2013_fornleifar.pdf (skoðað nóvember 2019).

SSD: *Sýslu og sóknalysingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855: Dalasýsla*. Einar G. Pétursson sá um útgáfuna. 2003. Reykjavík, Sögufélag.

Óutgefið efni

Fasteignamat 1916–1918: *Gjörðabók fasteignamatsnefndar Dalasýslu*. 1916–1918. Reykjavík, Þjóðskjalasafn Íslands.

H-kort 34 NA: Herforingjaráðskort 34 NA: Reykjavík. 1:50.000. Útgáfuár 1914.

Ö-Ljárskógar: Örnefnaskrá Ljárskóga. Hallgrímur Jónsson skráði. Reykjavík, Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Sólheimar: Örnefnaskrá Sólheima 1967. Jóhann Bjarnason skráði. Reykjavík, Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Heimildamenn

Guðbrandur Ólafsson, 08. 04. 1961.

Hnitaskrá ISN93

Samtala	Austur	Norður
DA-082:007_1	389086	526499
DA-082:007_2	389096	526478
DA-082:007_3	389078	526471
DA-082:011	390432	525730
DA-082:030	389203	526386
DA-082:031	389481	526298
DA-082:032	389836	526554
DA-082:035	391015	526878
DA-082:036	390346	526510
DA-082:037	390644	526700
DA-082:047	389050	526466
DA-082:051	389554	526272
DA-082:057	389232	526367
DA-082:059	389123	526470
DA-082:060	389131	526426
DA-082:062	390795	526474
DA-082:065	390346	526298
DA-641:001	390503	525277
DA-641:002_1	390482	525274
DA-641:002_2	390040	525392
DA-641:002_3	390171	525278
DA-641:002_4	389976	525251
DA-641:005		

Minjakort

